

## G J A L D S K R Á

15

2. febr.

um heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í kaптúnunum Blönduósi, Dalvík, Hellissandi, Hólmavík og Ólafsvík.

## I. Orkuveitusvæði.

Gjaldskrá þessi gildir á orkuveitusvæðum kaптúnanna Blönduóss, Dalvíkur, Hellissands, Hólmavíkur og Ólafsvíkur.

Orkuveitusvæði hvers þessara kaптúna telst það svæði, sem staðfestur skipulagsuppráttur kaптúnsins nær yfir á hverjum tíma.

## II. Heimtaugagjöld.

Af hverri húsveitu á orkuveitusvæðinu, sem tengd er við héraðsrafmagnsveitu ríkisins, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við vátryggingarupphæð húsa og mannvirkja á þann hátt, er hér segir:

## Grunngjald

af loftlínuheimtaug .....	1000.00 kr.
af jarðlínuheimtaug .....	1500.00 —

og auk þess

0.12% af vátryggingarupphæð upp að 500 000.00 kr. og	
0.06% — — — — — umfram 500 000.00 —	

Ef vátryggingarupphæð er augsýnilega of lág eða hús ómetin, getur rafmagnsveitustjóri innheimt heimtaugargjald til bráðabirgða samkvæmt áætluðu mati.

Fyrir ofangreint gjald fæst ein heimtaug, en óski húseigandi fleiri heimtauga, greiðist allur kostnaður af þeim, sem umfram eru, samkvæmt reikningi. Ef lengd jarðlínuheimtaugar er meiri en 25 m og loftlínuheimtaugar meiri en 60 m og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  mm<sup>2</sup>, skal húseigandi greiða allan kostnað af því, sem fram yfir er.

Rafmagnsveitustjóri ákveður hvort lögð er loftlínu- eða jarðlínuheimtaug, og sé loftlínuheimtaug breytt í jarðlínu, samkvæmt ákvörðun hans, skal húseigandi greiða mismun grunngjalds, 500 kr.

Nú hefur rafmagnsveitustjóri ákveðið loftlínuheimtaug, en húseigandi óskar eftir jarðlínuheimtaug, og er þá heimilt að verða við þeirri beiðni gegn því, að húseigandi greiði fyrir jarðlínuheimtaugina samkvæmt reikningi héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

Heimtaugargjald skal greitt að hálfu áður en lagning heimtaugar er hafin og að fullu áður en straumi er hleypt á heimtaugina.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2 apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 2. febrúar 1955.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Forv. K. Þorsteinsson.*